

AUGLÝSING
um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar
á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Múlalind 3. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 25. maí 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Múlalind 3. Í breytingunni felst að svalir verði stækkaðar á suðurhlið hússins og að rými undir svölum verði lokað af og þar komið fyrir 9,5 m² viðbyggingu. Nýtingarhlutfall á lóðinni eftir breytingu verður 0,27.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 27. september 2021.

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 30. september 2021